

**Tuttugasti og annar fundur Heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis var haldinn þann 27. janúar 2015 í fundarherbergi heilbrigðiseftirlitsins á 5. hæð í Kjarna Þverholti 2, Mosfellsbæ. Fundurinn hófst kl: 17:15**

**Mættir:** Rúnar Bragi Guðlaugsson, Leifur Guðjónsson, Magnús Dalberg, Hannes Tryggvi Hafstein, Linda Björk Ragnarsdóttir og Hugrún Þorgeirsdóttir í forföllum Maríönnu Hugrúnar Helgadóttur, Árni Davíðsson og Þorsteinn Narfason.

## Dagskrá:

### 1. Mál. Umsóknir og umsagnir.

#### **Umsóknir um starfsleyfi á sviði matvæla, hollustuhátta og mengunarvarna.**

- a. Royal beauty ehf. sækir um starfsleyfi til að starfrækja gistingu í íbúð í kjallara að Litlakrika 33 í Mosfellsbæ. Leyfið var gefið út af heilbrigðiseftirlitinu samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir til 12 ára dagsett 18. desember 2015.  
„Staðfest“.

#### **Umsagnir fyrir veitinga og gististaði**

- a. Lagt fram erindi Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dagsett 26. nóvember 2015 þar sem óskað var umsagnar um tímabundið áfengisleyfi fyrir Einar Rafn Ingimarsson að halda nýársfagnað 1. janúar 2016 í Íþróttamiðstöð Seltjarnarness.  
Jákvæð umsögn var send með bréfi þann 18. desember 2015.  
„Staðfest.“
- b. Lagt fram erindi Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dagsett 14. desember 2015 þar sem óskað var umsagnar um rekstrarleyfi fyrir Royal beauty ehf., að reka gististað í flokki II, tegund íbúð, að Litlakrika 33 í Mosfellsbæ.  
Jákvæð umsögn var send með bréfi þann 18. desember 2015.  
„Staðfest.“
- c. Lagt fram erindi Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dagsett 8. janúar 2016 þar sem óskað var umsagnar um tímabundið áfengisleyfi fyrir Ásgeir Sveinsson að halda þorrablót Aftureldingar 23. janúar 2016 í Íþróttamiðstöðinni Varmá.  
Jákvæð umsögn var send með bréfi þann 14. janúar 2016.  
„Staðfest.“

**2. Mál. Breyting á aðalskipulagi Mosfellsbæjar – breyting á landnotkun á svæði innan Leirtjarnar.**

Lögð verður fram breyting á aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2001-2013, Selholt, breyting á landnotkun, umhverfisskýrsla frá september 2015, minnisblað Vatnaskila, dags. 22. júní 2015 og bréf Skipulagsstofnunar dags. 9. desember 2015. Jafnframt var lögð fram fundargerð 113. fundar framkvæmdastjórnar um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins frá 13. janúar 2016 þar sem fjallað var um ofangreint mál.

„Nýtt svæðisskipulag fyrir höfuðborgarsvæðið, Höfuðborgarsvæðið 2040, tók gildi árið 2015. Hluti svæðisskipulagsins er nýtt vatnsverndarskipulag. Samtímis var staðfest ný samþykkt um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins (nr. 555/2015). Gildistöku vatnsverndarsvæða í Mosfellsdal var frestað til ársins 2018 sbr. skýringar í kafla 7.2 í greinargerð með endurskoðun vatnsverndar á höfuðborgarsvæðinu. Áformuð breyting á Aðalskipulagi Mosfellsbæjar sunnan Leirtjarnar er á fjarsvæði vatnsverndar samkvæmt gildandi skipulagi. Rekstur „Víkingsþorps“ gæti samkvæmt heilbrigðissamþykkt og að mati framkvæmdastjórnar um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu, fallið að reglum um fjarsvæði vatnsverndar enda yrði skilyrðum heilbrigðisnefndar fylgt en reglur um grannsvæði heimila ekki umrædda starfsemi. Það liggur fyrir að fella þurfi niður grannsvæðavernd á skipulagsvæðinu norðan við Þingvallaveg sem fyrirhuguð er að taki gildi 2018.

Heilbrigðisnefnd vill ítreka að einn mesti áhættuþátturinn fyrir öryggi vatnsverndar er umferð ökutækja á vatnsverndarsvæðum. Beita þarf öllum tiltækum ráðum til að draga úr umferð á grannsvæðum vatnsbóla.“

**3. Mál. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir (losun frá iðnaði o.fl.) - Mál til umsagnar.**

Ofangreind frumvarpsdrög verða lagð fram.

„Heilbrigðisnefnd felur framkvæmdastjóra að senda umsögn um frumvarpið í nafni heilbrigðisnefndar.“

**4. Mál. Önnur mál**

- a. Kynnt að fundur Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi verður haldinn þann 1. febrúar 2016 í listasal Mosfellsbæjar. Rúnar Bragi Guðlaugsson og Þorsteinn Narfason munu mæta á fundinn.
- b. Kynnt að árleg heildarsýnataka vatnsbóla í Laxnesdýjum gaf ekki tilefni til athugasemda.